

Drög að ályktun 42.þings ASÍ um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga

42. Þing Alþýðusambands Íslands bendir á þá staðreynd að grunnur að nýju íslensku samningalíkani verður ekki unninn við núverandi aðstæður. Til þess þarf lengri tíma og dýpri umræður. Eigi að breyta og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga þurfa að vera til staðar forsendur sem hægt er að vinna út frá.

Skapa þarf traust og sameiginlegan skilning milli vinnumarkaðarins alls og stjórnmalanna á markmiðum og tilgangi breytinga með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þetta þarf að gera með gagnsæjum hætti í samtali og samvinnu á breiðum grunni með sem víðtækastri þátttöku bæði innan hreyfingar og utan.

Þing ASÍ áréttar þá stefnu sambandsins að umræðan hvíli á núverandi skipulagi hreyfingarinnar þar sem kjarasamningsumboðið á hverjum tíma liggur hjá stéttarfélögununum sjálfum sem er ein af þeim grundvallarforsendum sem ný íslensk samningsgerð þarf að hvíla á.

Þingið leggur áherslu á að stjórnmalin sýni í verki vilja til þátttöku í að breyta vinnubrögðum í íslensku efnahagslífi með því að axla sinn hluta ábyrðarinnar á hinum efnahagslega- og hinum félagslega stöðugleika og viðurkenni samhengi þessara þátta og aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að umræðunni um þá.

Með sama hætti þarf að tryggja að aukinni verðmætasköpun þjóðarinnar sé skipt með sem jöfnustum hætti og nýtist til að bæta lífskjör almennings. Þá leggur þingið áherslu á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í öruggum skerfum til lengri tíma sem styður við samkeppnisstöðuna.

Áherslur ASÍ eru:

- Að skapa traustar undirstöður undir félagslegan- og efnahagslegan stöðugleika þannig að hægt verði að byggja hér upp varanlega aukinn kaupmátt og bæta lífskjör.
- Að lífeyrisréttindi verði jöfnuð á milli opinbera- og almenna vinnumarkaðarins.
- Að jafnræði verði milli hópa varðandi launaþróun og kynbundnum launamun verði útrýmt.
- Að lagður verði grunnur að forsendum kjarasamninga með það að megin markmiði að kaupmáttaraukning verði jöfn og stöðug.
- Að hagræðing í rekstri fyrirtækja skili sér til starfsmanna í hærri launum.
- Að trúnaðarmannakerfið verði stóreflt með aukinni þekkingu og fræðslu og aðgengi stéttarfélaganna að fyrirtækjum þar sem ekki eru starfandi trúnaðarmenn verði betur tryggt.